

**Ed.**

**60. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og lögum 9. sept. 1915.

Nefndin hefir athugað málefni þetta eftir föngum og sannfærst um, að þörf landsins á gjaldmiðli hafi reynst svo miklu meiri eftir að heimsstyrjöldin

hófst heldur en unt var að gera ráð fyrir á síðasta þingi, að nauðsynlegt hafi verið að gefa út bráðabirgðalög þau, sem út hafa verið gefin til að bæta úr þessu, og gengur nefndin að því visu, að sú þörf muni ekki minka á nýbyrjuðu ári. Hún vill því leggja það til, að frumvarpið verði samþykkt, eftir atvikum með þeirri breytingu einni, að bætt verði við það ákvæði um, að löggin gildi ekki lengur heldur en heimild sú, sem landsstjórninni er veitt með lögum nr. 11, frá 9. september 1915, þannig, að þau falli úr gildi 1. desember 1917. Hins vegar gerir nefndin ráð fyrir því, að bankafyrirkomulagið í heild sinni og ákvæðin um sedlaútgáfumagn Íslandsbanka sjerstaklega verði tekið til rækilegrar ihugunar á næsta reglulegu Alþingi á komandi sumri, og að landsstjórnin sjái um, að þá liggi fyrir þinginu nægileg skilríki til þess að útkljá það endanlega.

Vér viljum því nú að eins koma fram með þá

#### BREYTINGARTILLÖGU:

Að aftan við 3. gr. frv. bætist:  
og gilda til 1. desember 1917.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis, 3. janúar 1917.

Karl Einarsson,  
formaður  
(með fyrirvara).

H. Hafstein,  
skrifari og framsögumaður.

Jóh. Jóhannesson.